

Fundargerð 129. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 11. nóvember kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálaum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna Covid 19- framkvæmd skólastarfs - 2011007SA

Reglugerð um skólastarf á grundvelli hertra samkomutakmarkana tók gildi 3. nóvember sl. og gildir til 17. nóvember. Skólamálafulltrúi greindi frá vinnulagi við móttöku og svörun spurninga sem berast á miðlægt netfang: skolastarf@samband.is. Meðlimir fræðslumálanefndar gáfu yfirlit yfir stöðu mála og framkvæmd í sínum sveitarfélögum og ræddu áskoranir og úrlausnir. Fram kom m.a. að heilt yfir hefði framkvæmd gengið vel og kennarar og stjórnendur leyst með undraverðum hætti úr erfiðum og flóknum áskorunum í samstarfi við fræðsluyfirvöld. Einna helst hefði verið snúið að skipuleggja skólamáltíðir. Afar misjafnt er hversu mikil, ef einhver, skerðing hefur orðið á kennslumagni, sem gjarnan ræðst af takmörkunum húsnæðis. Einhver sveitarfélög hafa þegar útvegað viðbótarhúsnæði til kennslu. Þá hefur framkvæmd skólaaksturs vakið upp spurningar. Hrósuðu nefndarmenn einnig útsjónarsemi og hugmyndaauðgi starfsfólks félagsmiðstöðva.

Fræðslumálanefnd hrósaði stjórnendum og starfsfólki skóla- og frístundamála í sveitarfélögum fyrir úthald, seiglu, útsjónarsemi og jákvæðni við skipulag og framkvæmd verkefna við þessar einstaklega krefjandi aðstæður. Nefndin telur þýðingarmikið við umræðu um mögulega afléttingu takmarkana á skólastarfi í næstu viku að horfa sérstaklega til þess að íþróttakennsla verði aftur heimil og aflétting grímuskyldu hjá börnum skoðuða m.a. á forsendum upplýsinga um þróun smita.

2. Tillögur samstarfsráðs um starfsþróun - framvinda mála og hlutverk sveitarfélaga - 2010046SA

Fjallað var um stöðu og framvindu við innleiðingu tillagna samstarfsráðs um

starfspróun kennara og skólastjórnenda, verkefni og ábyrgð sveitarfélaga í því samhengi o.fl. Björk Óttarsdóttir, frá menntamálaráðuneytinu, kom á fundinn í því skyni. Fram kom ánægja hjá fræðslumálanefnd með tillögurnar, sem hún taldi mikilvægt að forgangsraða og skilgreina ábyrgðaraðila við innleiðingu þeirra og framkvæmd. Skort hefði yfirsýn yfir skipulag, framkvæmd og fjármögnun starfspróunarmála og löngu tímabært að fara í gagngera endurskoðun þeirra mála með aukna skilvirkni og samhæfingu að leiðarljósi.

Fræðslumálanefnd lýsir ánægju með að vinna skuli hafin í ráðuneytinu við innleiðingu tillagna samstarfsráðs um starfspróun kennara og skólastjórnenda. Mikilvægt er að þær verði í forgrunni við frekari stefnumótun bæði í sveitarfélögum og hjá ríki, ekki síst við mótun menntastefnu til 2030, enda er markviss starfspróun grundvöllur framþróunar í skólastarfi. Það er fagnaðarefni sjá þá breiðu samstöðu sem náðist við gerð skýrslunnar í samstarfsráði sem er lykilatríði við að tryggja framgang og innleiðingu tillagnanna.

3. Aðgerðateymi gegn ofbeldi - 2011021SA

Aðgerðateymi gegn ofbeldi, sem félags- og barnamálaráðherra kom á fót sl. vor, hefur hugmyndir um að koma fræðsluefni um ofbeldi og verklag um tilkynningar til barnaverndarnefnda og 112 o.fl. á framfæri við starfsmenn, nemendur og foreldra með aðstoð Mentors, Karellen og sambærilegra kerfa. Skólateymi fundaði um málið og sá á því fyrirkomulagi ýmsa vankanta. Tók fræðslumálanefnd undir efasemdir skólateymis. Fram kom að Kópavogsbær hefur komið tilkynningarhnappi inn á vefsíðu sína, sem og inn á allar fartölvur nemenda, sem bærinn úthlutar þeim, og útbúið kynningar- og fræðslumyndbönd fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Komin er góð reynsla á verkefnið á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru, kerfið er skilvirkt og hefur skilað tilkynningum til úrlausnar. Fram kom að menntamálaráðuneyti hefur boðað til fundar um málið 25. nóvember nk.

Fræðslumálanefnd leggur til að verkefnisstjóra verkefnisins í Kópavogi verði boðið á fundinn með fulltrúum aðgerðateymisins og menntamálaráðuneytis til þess að gera grein fyrir þeirri aðferðafræði sem gefist hefur vel í þessu skyni í Kópavogi.

4. Sprotasjóður - 2009083SA

Lögð var fram til kynningar fundargerð síðasta fundar Sprotasjóðs í tengslum við umfjöllun á síðasta fundi fræðslumálanefndar. Lögð var áhersla á að tengja saman það samstarf sem nú er að hefjast milli Grunns og stjórnar Sprotasjóðs og hagnýta í samhengi við tillögurnar sem ræddar voru undir 2. dagskrálið.

5. Skólateymi sambandsins - 2009121SA

Fundargerð 60. fundar skólateymis frá 28. október var lögð fram til kynningar. Fræðslumálanefnd ræddi stuttlega umfjöllun teymisins um skólagöngu fósturbarna og taldi ástæðu til þess að taka þá umræðu upp á sameiginlegum vettvangi fræðslumála- og félagsþjónustunefnda sambandsins. Það er grundvallaratriði við fósturvistun að skólavist og skólaþjónusta barnanna sé tryggð áður en til hennar kemur og í aðdraganda ákvörðunar um varanlegt fóstur sé mikilvægt að gera ráð fyrir aðkomu skólaþjónustu.

Fundi var slitið kl. 14:30

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir